

Þriðjudaginn 23. ágúst 1994.

Nr. 357/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Hans Erni Viðarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. ágúst 1994, sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Hans Erni Viðarssyni, kt. 101174-3529, með lögheimili að Eyjahrauni 3, Þorlákshöfn, en án dvalarstaðar, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 25. ágúst 1994 kl. 16.00 vegna grunar um brot hans gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsóknarlögreglan kveður kærða hafa verið handtekinn við þriðja mann í gærkvöld, vegna þess að grunur hafi leikið á, að þýfi væri að finna í kjallaraíbúð að Langholtsvegi 17 í Reykjavík. Sama dag hafi verið gerð húsleit, sem staðfest hafi þann grun, að þýfi væri að finna í nefndri íbúð. Samkvæmt framburði umráðamanns íbúðarinnar hafi kærði fengið lykla íbúðarinnar 16. eða 17. ágúst sl., en umráðamaðurinn dveljist þar ekki sjálfur. Kærði hafi verið handtekinn, eftir að hann hafði farið inn í íbúðina og út

aftur. Við fyrirtöku málsins hér fyrir dómi kveðst kærði ekki hafa farið inn í íbúðina að Langholtsvegi 17, heldur einungis farið inn á gang fyrir framan íbúðina í þeim tilgangi að ná í tjald sitt. Kærði hefur neitað aðild að þeim málum, sem borin hafa verið undir hann vegna þessarar gæsluvarðhaldsbeiðni.

Hluti þeirra muna, sem fundust við húsleit í nefndri kjallaraíbúð, tengist þremur innbrotum, sem framin hafa verið síðustu daga, en einnig tengist kærði öðrum málum, sem eru til meðferðar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Pegar litið er til lögregluskýrslna í málinu annars vegar og framburðar kærða hjá lögreglu og hér fyrir dómi hins vegar, er ljóst, að verulegs ósamræmis gætir milli framburðar kærða og annarra, sem yfirheyrðir hafa verið vegna þessa máls. Með hliðsjón af gögnum málsins og þess, sem að framan er rakið, þykir rökstuddur grunur leika á því, að kærði hafi gerst brotlegur við 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir því rétt, þar eð rannsókn málanna er á frumstigi, að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 25. ágúst 1994 kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hans Ernir Viðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 25. ágúst 1994 kl. 16.00.
